



Alþingi
Erindi nr. P 139/775
komudagur 7.12.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Jafnréttisstofa

Akureyri 7. desember 2010.

Efni: umsögn um þált. um uppsögn af hálfu atvinnurekanda, 47. mál, þskj. 48, lþ. 139.

Með tölvubréfi dags. 16. nóvember 2010 barst Jafnréttisstofu ósk frá félags- og tryggingamálanefnd um umsögn um tillögu til þingsályktunar um uppsögn af hálfu atvinnurekanda, 47. mál, þskj. 48, 139. lþ.


Með þingsályktunartillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að gullgilda samþykkt nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, sem gerð var á 68. þingi Alþjóðavinnuáráðs (ILO) í Genf 22. júní 1982.

Samkvæmt greinargerðinni með tillögunni hafa 35 ríki fullgilt samþykkt nr. 158, en hún tryggir launafólki lágmarksstarfsöryggi og efni hennar hefur víða verið viðurkennt sem lágmarks réttur launafólks við uppsagnir. Skv. henni er atvinnurekanda skylt að rökstyðja uppsögn starfsmanns ef eftir því er óskað, starfsmanni skal ekki sagt upp nema til þess sé gild ástæða og jafnframt er kveðið á um ákveðið málsmeðferðarkerfi sem starfsmaður á rétt á við uppsögn.

Jafnréttisstofa telur löngu tímabært að Ísland fullgildi samþykktina. Á undanförunum misserum hafa bæði konur og karlar leitað til Jafnréttisstofu vegna uppsagna á hinum almenna vinnumarkaði. Ljóst er að launafólk hefur ekki sterka réttarstöðu þegar kemur að uppsögnum og brýnt er að bæta þar úr. Jafnréttisstofa telur að verið gæti að minni líkur yrðu á því að kynbundin mismunun yrði við uppsagnir ef atvinnurekendur er skylt að rökstyðja uppsagnir og einnig ef skilyrðið um gildar ástæður yrði tekið upp. Svo virðist sem dæmi séu um að fólk sé sagt upp og jafnvel látið að því liggja að það sé vegna samdráttar, en svo er einstaklingur af hinu kyninu ráðinn í starfið jafnvel örfáum dögum síðar. Slíkt er í andstöðu við jafnréttislög, en erfitt að sanna að kyn hafi ráðið, þegar atvinnurekanda er ekki skylt að gefa upp neinar ástæður fyrir uppsögnum. Von Jafnréttisstofu stendur til að verði samþykktin lögfest batni réttarstaða launafólka töluvert.

Jafnréttisstofa mælir eindregið með því að þingsályktunartillaga þessi verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. Jafnréttisstofu


Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur